



Spáum að verðbólga í júní verði áfram rétt undir markmiði

Hagstofan birtir júnímælingu vísitölu neysluverðs miðvikudaginn 27. júní n.k. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,3% hækkun vísitölunnar milli mánaða. Gangi spáin eftir hækkar ársverðbólgan úr 2,0% í 2,3%.

Vísitala neysluverðs lækkaði um 0,09% milli mánaða í maí. Óhætt er að segja að sú mæling hafi komið verulega á óvart, en opinberar spár gerðu ráð fyrir 0,1% til 0,3% hækkun. Við höfðum spáð +0,1%. Mest munaði um að reiknuð húsaleiga lækkaði um 0,39% milli mánaða, en við áttum von á 0,15% hækkun.

Helstu áhrifaþættir milli mánaða nú:

- Við gerum ráð fyrir að **flugfargjöld til útlanda** hækki með svipuðum hætti milli mánaða og seinustu tvö ár.
- Samkvæmt verðkönnun okkar hefur **bensín og díselolía** hækkað um 3,2% milli mánaða.
- Greinendum hefur gengið óvenju illa að átta sig á **reiknaðri húsaleigu** síðustu mánuði. Við gerum ráð fyrir minniháttar hækkun að þessu sinni.
- **Húsgögn og heimilisbúnaður** lækka alla jafna milli mánaða í júní.

Spá okkar nú er 0,1 prósentustigi hærri en spá okkar frá því í maí, en þá spáðum við 0,2% hækkun milli mánaða í júní. Munurinn skýrist af hækkun bensíns og díselolíu en auk þess eru áhrif vegna lítilsháttar veikingar krónunnar.


Verðbólga við markmið næstu mánuði

Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er:

- Júlí: +0,1% milli mánaða, 2,4% ársverðbólga.
- Ágúst: +0,3% milli mánaða, 2,5% ársverðbólga.
- September: +0,2% milli mánaða, 2,5% ársverðbólga.

	Vægi í		Spá	
	VNV	Breyting	Áhrif	
Húsgögn og heimilisb.	3,9%	-0,95%	-0,04%	
Tómst. og menning	9,8%	-0,25%	-0,02%	
Póstur og sími	2,3%	-0,81%	-0,02%	
Heilsa	4,0%	-0,05%	0,00%	
Föt og skór	3,6%	-0,04%	0,00%	
Menntun	0,7%	0,00%	0,00%	
Áfengi og tóbak	2,4%	0,03%	0,00%	
Húsn. án reikn. húsaleigu	13,2%	0,03%	0,00%	
Ferðir og flutningar - annað	3,9%	0,13%	0,01%	
Aðrar vörur og þjónusta	5,8%	0,22%	0,01%	
Matur og drykkjarv.	11,2%	0,23%	0,03%	
Hótel og veitingast.	5,1%	0,54%	0,03%	
Kaup ökutækja	8,4%	0,41%	0,03%	
Reiknuð húsaleiga	21,2%	0,30%	0,06%	
Bensín og díselolía	3,3%	3,20%	0,10%	
Flugfargjöld til útlanda	1,3%	8,51%	0,11%	
Alls	100,0%		0,31%	


Áhrif undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans




Vísitala neysluverðs




Heimild: Hagstofa Íslands

Framlag undirliða




Heimild: Hagstofa Íslands

Verðbólguþáttur




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Mánaðarbreyting VNV í júní




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Reiknuð húsaleiga



Júní til sept. 2018 spá Hagfræðideildar
Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu, tafin um einn mánuð.
Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá

Flugfargjöld til útlanda



Júní til sept. 2018 er spá Hagfræðideildar
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.